





Reykjavík, 24. mars 2026
USK26030008

Eldshöfði 2 – umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. mars 2026 var lögð fram umsagnarbeiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 23. febrúar 2026, vegna umsóknar Hreinsun og Flutningi ehf. um endurnýjun á starfsleyfi fyrir flutning á spilliefnum, flutning á úrgangi og bifreiða og vélaverkstæði að Eldshöfða 2. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag. Einnig hvort að fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi sem gæti haft áhrif á útgáfu starfsleyfis. Sé svo er óskað eftir tillögu að gildistíma.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin á já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Eldshöfða 2 borgarhluta 8. Grafarvogur og er hluti af opnu svæði OP30 – Minni opin svæði innan þéttrar byggðar.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, athafna- og iðnaðarsvæði, samþykkt í borgarráði 10. mars 1999 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 2 við Eldshöfða er bárujárnsklætt timburhús, talið byggt á árunum 1960 – 1963. Húsið er skráð sem verkstæði í fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á umsókn Hreinsun og Flutninga ehf. um endurnýjun á starfsleyfi fyrir flutning á spilliefnum, flutningi á úrgangi og bifreiða og vélaverkstæði í húsinu og á lóðinni að Eldshöfða 2.

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er landnotkun lóðarinnar við Eldshöfða 2 skilgreind sem opið svæði OP30 – Minni opin svæði innan þéttrar byggðar. Þá segir í aðalskipulagi um OP30:

Leikvellir, gróðurreitir, minni útivistarsvæði og almenningsrými og græn belti innan þéttbýlis.

Lóðin er mikilvæg fyrir umliggjandi íbúðarbyggð ÍB61 – Elliðaárvogur, sem er uppbyggingarreitur sem skilgreindur er fyrir nýja íbúðarbyggð. Samkvæmt kafla 3.5.2. Markmið um forgangsöröðun uppbyggingar eru stóru byggingarsvæðin, þar sem gert er



ráð fyrir þróun nýrra borgarhverfa, í Ártúnshöfða og Elliðaárvogi í forgangi fyrir árið 2030.

Það er ljóst að það samræmist ekki aðalskipulagi að framlengja starfsemi Hreinsun og Flutninga ehf. fyrir flutning á spilliefnum, flutningi á úrgangi og bifreiða og vélaverkstæði á opnu svæði og er því er æskilegt að takmarka gildistíma starfsleyfisins til 1 árs. Skipulagsfulltrúi heimilar ekki að starfsleyfið verður endurnýjað að ári liðnu.

Niðurstaða

- Þar sem að starfsemin samræmist ekki aðalskipulagi er lagt til að takmarka gildistíma starfsleyfisins til 1 árs.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iðla Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík